

Fundargerð 52. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 9. desember kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Innleiðing Notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar NPA - Staða haust 2020 - 2009236SA

Sveitarfélög hafa unnið að innleiðingu NPA þjónustu frá því lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir voru sett. Mörg álitamál hafa komið upp við innleiðinguna og forsendur fjármögnunar heldur ekki gengið að fullu eftir, eins og rakið er í minnisblaði dags. 2. desember sl. Á fundum fulltrúa sambandsins með félagsmálaráðuneyti og nefndum Alþingis hefur verið lagður mikill þungi á mikilvægi þess að leyst verði úr fyrirbyggjandi álitamálum ásamt því að fjármögnun verkefnisins sé tryggð. Ella teljist forsendur verkefnisins vera brostnar.

Félagsþjónustunefnd sambandsins lýsir yfir miklum áhyggjum vegna stöðu NPA-verkefnisins og kallar eftir því að markviss vinna við lausn álitafna hefjist án tafar. Nefndin áréttar að sveitarfélögin hafa innleitt þjónustuformið af metnaði og telja NPA mikilvægan valkost. Forgangsmál er á þessu stigi að fjármögnun þjónustunnar verði tryggð á næsta ári. Ef áfram á að vinna að innleiðingu er nauðsynlegt að gagnger breyting verði á þeim römum sem ríkið setur um fjármögnun og skipulag verkefnisins.

2. Tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning. - 2009218SA

Kynning Aldísar Hilmarsdóttur framkvæmdastjóra húsnæðisbóta- og þjónustusviðs hjá HMS á skýrslu um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning. Í skýrslunni er lögð fram tillaga um að almennar húsnæðisbætur ríkisins og sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga verði sameinaður í eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur til að auka skilvirkni og bæta þjónustu við almenning. Ef sú tillaga nær ekki fram að ganga er HMS með ábendingar til að auka skilvirkni núverandi kerfis, bæta málsmeðferð og minnka misræmi milli sveitarfélaga.

Nefndin þakkar starfsmönnum HMS fyrir góða kynningu. Mikilvægt er að tillögur sem

fram koma í skýrslunni verði kynntar fyrir sveitarstjórnnum og stjórnendum í velferðarþjónsutu til að fá afstöðu þeirra um eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur. Nefndin felur starfsmönnum að skipuleggja upplýsingafundi fyrir sveitarfélögin.

3. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021. - 2010020SA

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki að sjá að sveitarfélögum sé tryggð fjárveiting til að standa undir verkefnum um samræmda móttöku flóttafólks og NPA samninga. Sambandið hefur komið athugasemdum til fjárlaganefndar og lagt áherslu á að fjármögnun þessi verði tryggð.

Einnig var rætt um horfur varðandi þátttöku sveitarfélaga í reynsluverkefni um móttöku flóttamanna.

Nefndin verður upplýst um stöðu málsins þegar tillögur fjárlaganefndar um breytingar á fjárlögum 2021 liggja fyrir.

4. Kynning á sértækum félagslegum aðgerðum ríkisstjórnar til að skapa viðspyrnu við áhrfum COVID-19. - 2009402SA

María sagði frá ákvörðun Ríkisstjórnar Íslands um að verja 895 m.kr. til sértækra félagslegra aðgerða í vetur og næsta sumar. Um er að ræða annan félagslega aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar á tímum COVID-19 heimsfaraldurs sem mótvægi við þeim félagslegu áhrifum sem faraldurinn hefur og mun hafa á stöðu fatlaðs fólks, innflytjenda, aldraðra og annarra viðkvæmra hópa í samfélaginu.

Í tengslum við þetta málefni varð nokkur umræða um framkvæmd laga um húsmæðraorlof á þessu ári. Um það liggja líklega ekki fyrir neinar upplýsingar en fram kom ábending um að sveitarfélög ættu að kalla eftir skilgreinum frá orlofsnefndum áður en þau greiða gjald skv. lögnum.

5. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 - tekjutengdar bætur - 2011052SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), 300. mál.

6. Skólaganga fósturbarna - 2010032SA

Sameiginleg umræða fræðslumála- og félagsþjónustunefnda sambandsins um bætt verklag og samtal kerfa þegar kemur að skólagöngu fósturbarna fyrst í tímabundnu og síðan varanlegu fóstri varðandi sérfræðipjónustu og fjármögnun m.a. Herdís Sæmundsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og fulltrúi í fræðslumálanefnd sambandsins, gerði grein fyrir helstu álitaeftum. Niðurstaða umræðna verður gert grein fyrir í fundargerð fræðslumálanefndar.

7. tillögur frá velferðarvaktinni til sambandsins og sveitastjórna - Leiðarljós á tímum Covid-19. - 2009312SA

Lagt fram til kynningar tillögur frá velferðarvaktinni - Leiðarljós á tímum Covid-19.

Fundi var slitið kl. 12:30

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir